# Froskapennaveski

Höfundur: Helena Eiríksdóttir

**ÚR KÖRFU TEXTÍLKENNARANS** *Verkefni í vélsaumi fyrir 6.– 8. bekk*





## Aðferð:
Vélsaumur

## Efni:
- ✓ Flísefni
- ✓ Tvinni
- ✓ 20 cm rennilás

## Áhöld:
- ✓ Saumavél
- ✓ Skæri
- ✓ Málband
- ✓ Títuprjónar

NÁMSGAGNASTOFNUN
www.nams.is

## Vinnulýsing fyrir nemendur

1. Festið sniðin á filtefnið og bætið við 1 cm í saumfar.

   Klippið:

| | |
|---|---|
| 1 stk. bak | 4 stk. eyru |
| 6 stk. búk | 2 stk. augu (hvítt efni án saumfara) |
| 4 stk. fætur | 2 stk. augasteinar (svart efni án saumfara) |

2. Títuprjónið augasteinana á augun og víxlsaumið með svörtum tvinna. Títuprjónið svo augun á eyrnastykkin og víxlsaumið með hvítum tvinna.

3. Títuprjónið eyrun saman réttu á móti réttu og saumið með beinu spori. Snyrtið saumfarið og snúið stykkjunum við.

4. Saumið nú búkinn saman, þrjú og þrjú stykki. Oddarnir eiga að snúa saman.



5. Leggið nú búkstykkin saman, réttu á mót réttu, eins og áður eiga oddarnir á stykkjunum að snúa saman. Saumið ca. 5 cm inn á samskeytin hvorum megin.



**6** Þræðið næst rennilásinn vel í gatið og saumið með beinu þéttu spori.




**7** Títuprjónið fæturna saman réttu á móti réttu og saumið með beinu spori.
Snyrtið saumfarið og snúið stykkjunum við.

**8** Títuprjónið fætur og augu á réttuna á bakstykki.



**9** Búkurinn er svo festur yfir bakstykkið og saumað með beinu spori.




**10** Opnið rennilásinn alveg og snúið stykkinu við.



# SNIÐ 1



# SNIÐ 2


BÚKUR 6 stk.
OPIÐ
EYRA 4 stk.
OPIÐ
FÓTUR 4 stk.
AUGA
2 stk.
AUGA
2 stk.